



Pað var þétt setið þegar næsti áfangi miðbæjarins á Selfossi var kynntur fyrir íbúum. Mynd: Dagskráin/HGL

Yfir 300 manns mættu á miðbæjarkynningu

Í síðustu viku var boðað til íbúafundar á Sviðini, glæsilegum nýjum tónleikastað við Brúartorg á Selfossi. Yfir 300 manns mættu á fundinn og fyltlu ekki bara allt Sviðið heldur báðar hæðir Miðbars að auki. Þarna var næsti áfangi í byggingu miðbæjar Selfoss kynntur af Sigurði Einarssyni arkitekt og Leó Árnasyni, stjórnarformanni Sigtún Próunarfélags. Valdimar Bragason stýrði fundinum þar sem íbúum gafst færri að aðsjá þrívídarteiknaðar myndir

af þeim 40 húsum sem koma til með að fylla annan áfangam miðbæjarins. Mögulega gæti komið til íbúakosningar um þessi áform og yrði það þá líklega eftir næstu áramót.

Húsin sem falla undir áformin eru endurbyggingar af sögulegum húsum víðsvegar af landinu, þar á meðal gamla símsstöðin á Selfossi, Sýslumannhúsið í Stykkishólmi, Fell á Ísafirði, gamla Selfossbíó, Evanger verksmiðjan á Siglufirði, Málmejarhús í Skagafirði, Kon-

súlanthúsið í Vestmannaeyjum, Syndikatið í Reykjavík, hinn upprunalegi Tryggvaskáli og Addabúð, sem kemur til með að hýsa pylsuvagn í rekstri Ingunnar í Pylsuvagninum á einu af nokkrum torgum sem koma til með að prýða seinni áfangann af tveimur í byggingu nýja miðbæjarins. Áætlaður kostnaður er á bilinu 13-14 milljarðar og stefnt er á að hefja framkvæmdir á vordögum, reiknað er með að framkvæmdin taki 36 mánuði.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Kiwanisklúbburinn Ölv gefur skólanum pannavöll

Kiwanismenn í Þorlákshöfn hafa í gegnum árin stutt vel við starf grunnskólaans. Í vor höfðu þeir samband við skólastjórnendur með gjöf til skólan í huga. Til tals kom að bæta við aðstöðu á skólaþóðinni með því að setja upp annan pannavöll. Einn völlur hefur verið við skólann í nokkur ár og er vinsæll meðal nemenda. Leikurinn var fyrst kynntur á unglingsalandsmóti sem var hér í Þorlákshöfn árið 2018. Tveir leikmenn eru á vellinum í einu og hafa

að markmiði að skora boltanum í lítið mark á vellinu. Nýr leikmaður kemur inn á völliinn þegar annar aðilinn hefur skorað mark. Völlurinn var settur upp í sumar og hefur verið mikið nýttur í góða verðrinu að undanförnu.

Í lok september fór formleg afhending vallarins fram þar sem Ólína skólstjóri og nokkrir nemendur á yngsta stigi tóku við vellinum frá Gústaf Ingva Tryggvasoni formanni Kiwanisklúbbsins Ölv.

Enginn launamunur á milli kynjanna

Árborg fékk endurvottun á jafnlaunakerfinu ÍST 85:2012 nú á dögumum. Í launagreiningu sem unnin var í tengslum við endurvottunina kom í ljós að enginn launamunur mældist á grunnaunum karla og kvenna. Er þetta í fyrsta sinn sem enginn launamunur á grunnaunum mælist í launagreiningu síðan Árborg fékk jafnlauna-

vottun árið 2019. Árið 2021 var 1% launamunur á grunnaunum, körlum í hag. Frá því að Árborg fékk jafnlaunavottun árið 2019 hefur verið unnið markvisst að því að bæta ferla við launasetningar ásamt því að greina launamun á milli kynjanna og leiðréttu. Má rekja árangur pennan til þessara þáttu ásamt aukinni fræðslu og stuðningi til stjórnenda.



Komdu í kaffi og kíktu á sólpallinn!

Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFOSSI



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrla@keyrla.is - www.keyrla.is - [f /keyrla.is](#)



BÍLSTJÓRAR ÓSKAST

BR flutningar óska eftir bílstjórum til vinnu, sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Baldur í síma 662 1110.

Túnþökusala Oddsteins

Lóðabökur - Fótboltagras Golfvallargras



Sími 663 6666 - tso@tso.is - www.tso.is

Hvað er málþroskaröskun?

Dagur málþroskaröskunar (e. Developmental Language Disorder) var haldinn hátíðlegur föstudaginn 14. október sl. Dagurinn er mikilvægur vitundarvakningu málþroskaröskunar (DLD) því þratt fyrir að vera algeng röskun sem hefur áhrif á nær allt daglegt líf eru enn margir sem hafa ekki heyrt hennar getið og spryja sig, hvað er málþroskaröskun?

Málþroskaröskun er meðfædd röskun af líffræðilegum toga en einkenni hennar birtast strax á máltókuskeiði og fylgja einstaklingum ævilangt. Röskunin snertir allt sem viðkemur tungumálinu hvort sem það er í tali, riti eða táknum. Erfiðleikarnir birtast þegar einstaklingur reynir að tjá hugsanir sínar og/eða skilja það sem aðrir tjá. Birttingarmyndir málþroskaröskunar eru einstaklingsbundnar en oft einkennast þær af rýrum orðaforða, erfíðleikum við að fylgja fyrirmælum, rangri setningaskipan, málfræðivillum, ruglingslegrí frásögnum og erfíðleikum við að muna nöfn og ný orð. Barn með málþroskaröskun fylgir ekki aldursbundnum viðmiðum um málkunnáttu og með hækkandi aldrí og auknum mállegum kröfum dregst það óhjákvæmilega meira aftur úr ef ekkert er aðhafst.

Málþroskaröskun er vandi sem engin skyndilausn dugar við en með því að greina vannan og vinna markvisst með hann er hægt að hjálpa börnum að halda í við jafningja sína og auðvelda þeim að tjá sig í leik og starfi. Í því skyni hafa rann-



sóknir ítrekað sýnt fram á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar, því fyrr sem er gripið inn í því meiri árangur næst. Því er mikilvægt að börn sem glíma við málþroskaröskun fái viðeigandi aðstoð svo talmeinafræðingar geti kortlagt bæði veik- og styrkleika barnsins, útbúið úrræðalistu fyrir heimili og skóla og veitt barninu markvissa einstaklingsmiðaða talþjálfun til að hjálpa því að fá fast við þær mállegu kröfur sem fylgja hversdagslegu lífi. Því þegar kemur að því að styðja við börn með vanda þarf allt umhverfi barnsins að leggjast á eitt til að hámarka árangur.

Málþroskaröskun er ekki tilkomín af ónægri málörvun í frumbernsku en foreldrar og starfsfólk leik- og grunnskóla eru þó í lykillhlutverki þegar kemur að því að örva málþroska barna með málþroskaröskun. Fyrir barn með málþroskaröskun hjálpar að endurtaka leiðrétt það sem barnið segir rangt, einfalda mál og útskýra flókin orð, spryja hvort barnið skilji og

kenna því að láta í ljós þegar það skilur ekki, hafa sem flest myndrænt og/eða sjónrænt, veita endurtekningar og ávallt að ná athygli barnsins ádur en talað er við það. Með því að baða börn í tungumálinu, nýta allar dauðar stundir til samskipta, nota fjölbreyttan orðaforða, útskýra merkingu orða, nota orð í mismunandi samhengi, spryja út í orð og fá börn til að aefna sig að tjá sig erum við að styðja við málþroska. Til er aragríu af skemmtilegum spilum, leikjum, verkefnum og bókum á íslensku sem þjálfa alla þessa þætti og yfirleitt leyast þessi verkfæri í einhverri mynd á flestum heimilum. Að spila dæmigert samstæðuspil getur kennt börnum grunndoðskipti, að bíða og gera til skiptis, auk þess sem það eflir orðaforða, rökhusun og minni.

Málþroskaröskun er dulín, hún sést ekki utan á fólk og því þarf að vera á varðbergi fyrir einkennum hennar. Rannsóknir sýna að einn af hverjum 14 glímum við málþroskaröskun og er hún því algengari en einhverfa og svipað algeng og ADHD en er þó mun minna þekkt. Með aukinni fræðslu og vitundarvakningu öðlumst við meiri skilning og þekkingu á þeim takmörkunum sem fylgja málþroskaröskun og jafnframt hvað við getum gert í daglegu lífi til að draga úr áhrifum hennar.

Berglind Jónsdóttir,
talmeinafræðingur
hjá skólapjónustu Árborgar og
Talþjálfun Suðurlands

Athafnastjórabing á Hellu

Magrét Harpa verður athafnastjóri


Fimmtán nýir athafnastjórar útskrifuðust úr nýliðaþjálfun Siðmenntar á Athafnastjórábingi Siðmenntar á Hellu um helgina. Um er að ræða hóp nema sem hefur verið í þjálfun frá því í vor, en þjálfunin byggði á námskeiðum og handleiðslu. Athafnastjórnir eru nú tilbúnir til að taka að sér athafnir á lífsins tímamótum, svo sem nafnjafir, fermingar og hjónavíslur, en mörg þeirra hafa þegar tekið sín fyrstu skref í sumar. Ein af nýjum athafnastjórum Siðmenntar er Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, bóndi á Lambhaga.

Gefandi að gefa saman

Magrét Harpa segir það mjög kærleksríkt og gefandi að taka þátt í svona tilfinningarárum stundum. „Mér líður rosalega vel þegar ég er búin að gifta fólk. Væntumþykjan er allsráðandi.“ Hún er ánægð með að hafa fengið að gangast undir þjálfun með svona mórgum ólkum einstaklingum. „Við komum alls staðar að á landinu en náum saman út af þessum sameiginlegu gildum.“

Hinseginfræðsla og norðurljós

Athafnajungið á Hellu var það fyrsta sinnar tegundar, en þar komu saman um 40 athafnastjórar, frá landinu öllu. Athafnastjórnir fengu hinseginfræðslu frá Samtökumum '78, fyrirlestur frá Sýslumannsembættinu í Vestamannaeyjum



Magrét Harpa Guðsteinsdóttir, bóndi á Lambhaga, gefur saman sín fyrstu hjón, sem komu á vegum ferðaskrifstofunnar Pink Iceland. Mynd: Inga Auðbjörg K. Straumland.

og tóku þátt í ritlistarsmiðju sem Bragi Páll Sigurðarson, rithöfundur og nýútskrifaður athafnastjóri, stýrði. Athafnastjórnir voru ánægð með aðstöðuna á Hellu og ekki spillið fyrir upplifunni að norðurljósin dönsuðu á næturhimminum.

KJÓLADAGAR

OKTÓBERFEST Í LINDINNÍ



ALLIR KJÓLAR Á
20% AFLÆTTI
FRÁ 20. TIL 26. OKT.

AFLSÁTTARKÓÐI Á
TÍSKUVERSUN.IS ER
KJÓLAR20



LINDIN
TÍSKUVERSUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Indversk matreiðslu- námskeið í Fjölheimum

Í lok október og um miðjan nóvember ætlar Eva Dögg Atladóttir halda tvö spennandi námskeið í indverskri matargerðalist í Fjölheimum á Selfossi. Kennari á námskeiðinu er indverski meistarokkurrinn Megha Jhunjhunwala. Á fyrsta námskeiðinu sem haldið verður þann 29. október á milli kl. 14-19 verður kennd nútíma indversk matargerð og er námskeiðið tilvalið fyrir grænkera. Annað námskeiðið fer fram þann 10. nóvember frá 16:30-18:30 og er hugsað fyrir börn

á aldrinum 5 - 11 ára. Þau lær að gera súkkulaði og búa til ís. Námskeiðin verða haldin í Fjölheimum, Trygvagötu 13 a Selfossi í glæsilegu eldhúsi.

Eva Dögg hefur ferðast víða um heiminn og af þeim stöðum sem hún hefur dvalið á er draumalandið Indland. „Á Indlandi er hægt að finna allt frá a til ö og þær var ég endalaust að upplifa nýja hluti. Menningin er heillandi og tungumálin áhuga-verð, en á Indlandi eru skráð 22 þjóðmál. Ég kolféll fyrir austrænum síðum og ævintýra-

heimi þeirra, sem brýst fram í tónlistinni, fótunum og matnum. Eftir að ég flutti heim árið 2016 hefur Indverskum ferðamönnum fjölgæð á Íslandi. Ég hef frætt indverska vini mína um Ísland og svarað spurningum þeirra sem hafa ferðast til landsins síðustu ár,“ segir Eva Dögg.

Einn vina Eva sem komu til landsins var hin indverska Megha Jhunjhunwala. „Hún kom hingað sumarið 2019 og hreifst gjörsamlega af landinu og maðurinn hennar líka. Þau elska Ísland! Maðurinn hennar er hönnuður og heitir Rohit Dhamija. Í sumar hafði Megha aftur samþand við mig og sagði mér að hún vildi koma aftur til Íslands en í þetta sinn langaði hana að prófa að halda matreiðslunám-



Eva Dögg Atladóttir.



Megha Jhunjhunwala.

skeið fyrir íslendinga. Megha hefur í fjölda ára verið meistarkokkur á Indlandi. Hún lærði matreiðslu í París hjá Le Cordon Bleu og var einn keppanda í Masterchef India. Hún hefur verið professor í Apeejay Institute of Hospitality og rekur sitt

eigið fyrirtæki sem heitir Hearth & i. Nafnið táknað blöndu af hjarta og jörð í orðinu Hearth.“

Fyrir frekari upplýsingar og skráningu á námskeiðin er bent á tölvupóstfangið indigosel-foss@gmail.com eða síma 787 4812. HGL

Villibráðakvöld Farmers Bistro

Farmers Bistro býður upp á glæsilegt villibráðarhlaðborð þann 5. nóvember



Farmers Bistro

Villibráða áhugamaðurinn Árni Kristínsson verður gestakokkur

hjá okkur ásamt kokkum Farmers Bistro.

Veislustjóri og skemmtíkraftur er hinn bráðskemmtilegi Bjarni töframaður

Matseðillinn samanstendur af 12 smáréttum og heítum réttum, ásamt meðlæti og öðru góðgæti

Húsið opnar kl 19:30 með fordrykk og borðhald hefst kl 20:00

Verð 15.990

Pantanir í síma 8577850 hjá Ragnheiði eða á booking@farmersbistro.is



Bláskógabyggð innleiðir Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Seitarfélagið Bláskógabyggð hefur ákveðið að hefja vinnu við móturn á stefnu sveitarfélagsins með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015 og ná þau til ársins 2030. Markmiðin eru 17 talsins með 169 undirmarkmiðum og eru mælanleg sem þýðir að mögulegt er að bera saman þjóðir. Heimsmarkmiðin mynda jafnvægi á milli þriggja stoða sjálfbærarar þróunar; hinna efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Á Íslandi erum við eingöngu búin að ná fjórum Heimsmarkmiðum af sautján að fullu. Ný skýrsla sem raðar löndum á lista eftir því hvar þau eru stödd þegar kemur að framgangi Heimsmarkmiðanna sýnir að Island er sem stendur í 22. sæti. Bláskógabyggð ætlar að leggja sitt af mörkum til þess að við Íslendingar náum hinum prettán Heimsmarkmiðunum fyrir árið 2030. Til þess þurfa allir að bretta upp ermar.

Heimsþekktar náttúruperlur

Bláskógabyggð varð til sem sveitarfélag árið 2002 við sameiningu þriggja sveitarfélaga, Biskupstungnahrepps, Laugar-dalshrepps og Þingvallahrepps. Fjölmargar náttúruperlur og sögustaði er að finna í Bláskógabyggð og eru þekktastir þeirra Þingvelli, Geysir, Gullfoss, Haukadalur, Laugarvatn og Skálholt. Þingvallaþjóðgarður er

einstakur staður vegna sögu og náttúru. Þar var Alþingi stofnað 930 og margir merkisviðburðir í sögu þjóðarinnar hafa átt sér stað á Þingvöllum í aldanna rás. Sveitarfélugin er því falið að gæta allra þessara náttúruperla fyrir þjóðina. Sveitarfélagið ætlar að nýta Heimsmarkmiðin og sjálfbæra þróun til þess að varðveita þessar náttúruperlur og fólkid sem þar býr.

Tökum höndum saman

„Það er mjög mikilvægt að sveitarfélög, fyrtækni og einstaklingar taki höndum saman um að vinna í anda Heimsmarkmiðanna. Við munum í nýrr stefnu okkar taka mið af þessum mikilvægu markmiðum. Við erum rétt að leggja af stað og leggjum áherslu á að fjölbreyttar hópur komi að vinnunni, sveitarstjórn, nefndarmenn og íbúar svæðisins. Við erum að móta stefnu til



Gáta vikunnar

Visnagáttur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Hertól sem um heiminn fer,
í hellum víða unrir sér,
með loftfar þetta leik ég mér,
líka tengdur neti er.

Svar við gátu í blaði 2670: **ASNI**
1. Dýrið asni - 2. Heimskur maður
3. Vínblaða - 4. As(n)ji

Sigurður Sæmundsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég vil byrja á því að þakka Hyrti Benedikssyni fyrir tilnefninguna Sunnlenski matgæðingurinn. Ég er svoltið fyrir að hafa matargerð einfalda en hún má alveg taka tíma svo fremi að maður hafi gaman að því sem verið er að gera og ekki er verra að vera í góðum félagsskap á meðan. Það sem ég æta að „töftra fram“ er lambakóróna (3 stk.) með parmesan kartöflum, brokkolisolati og kaldri Ranch sósu fyrir 4-6 manns. Ég byrja á því að gera smá kryddlög fyrir kórónurnar.



Einnig er hægt að kaupa tilbúna Ranch sósu í flestum verslunum.

Brokkolísalat

1,5 – 2 brokkoli hausar (fer eftir stærð)

Hálfur rauðlaukur skorinn í punnar sneiðar
1 dl stórar rúsinur
0,5 dl sólblómafræ
250 ml sýrður rjómi
250 ml majones
250 gr bacon
0,5 msk sykur

Baconið er skorið í litla bita og steikt stökkt á pönnu, fitan síuð frá og látið kólna. Brokkolífinu dýft í sjóðandi vant í ca



20-30 sek til að fá á það fallegan grænan lit og kælt undir rennandi vatni. Stilkurinn fínt saxaður en sjálf blómin höfð grófari. Majonesi, sýrðum rjóma og sykri er hræt saman og laukurinn, sólblómafræin ásamt rúsínum og stilknunum bætt útí og hræt vel saman. Grófa brokkolfið fer síðast útí og stökku baconinu stráð yfir salatið.



Ranch sósa köld

2,5 dl ab mjólk (súrmjólk)

3 msk. sýrður rjómi

3 msk. majones

3 msk. steinselja fín söxuð

2 msk. graslaukur fín saxaður

0,5 dl hvítvínssedik

2 stk. pressaðir hvítlauksgeirar

Salt og pipar eftir smekk

Allt sett saman í skál nema saltið og piparinn sem notaður er til að bragðbæta sósuna. Gott er að láta sósuna í ísskáp og láta hana bíða í amk klst. áður en hún er borin fram.

Ég skora á hana Ingu Línberg vinkonu mína í Hveragerði sem töfrar fram kræsingar á hraða ljóssins eins og henni eindi er von og vísa.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.

Bleika boðið 2022

Föstudaginn 21. október á Hótel Selfossi
Hús opnað kl. 18:30 - Dagskrá hefst kl. 19:30

Okkar stærsta hátíð og fjároflunar viðburður verður haldinn föstudagskvöldið 21. október næstkomandi á Hótel Selfossi.

Nú fyllum við húsið og skemmtum okkur sem aldrei fyrr!

Húsið opnar kl. 18:30 og hefst dagskrá kl. 19:30, góð tilboð á drykkjum og léttar veitingar í boði Hótel Selfoss.

Veislustjóri kvöldins er hinn bráðfyrndni og skemmtilegi Gabriel Werner sem hefur humor fyrir lífinu.

Happdrættið okkar er nú stærra og magnaðra en nokkru sinni fyrr og verður enginn svikinn af sínum vinning! Hver miði kostar einungis 2.500 krónur og er til svo gríðarlega margs að vinna. Einnig verða glæsileg listaverk og hótelgistingar á uppboði sem vert er að kíkja á og næla sér í.

Fyndnasti uppistandari landsins, Sóli Hólm stígur á svið og kitlar hláturtaugarnar.

Tónlistarsnillingarnir Magnús Kjartan, Leifur Viðars og Grétar Lárus mæta á svið og spila gesti út á dansgólfíð.

Athugið að ef um stærri hópa er að ræða, er mögulegt að panta bord fyrirfram með því að senda tölvupóst á arnessysla@krabb.is.

Við hlökkum mikið til að eiga skemmtilegt kvöld með ykkur!

Krabbameinsfélag Árnessýslu

Allir
velkomnir
á Bleika
boðið



Gjafapoki frá
Lindex fyrir
100 fyrstu
gestina.

LINDEX



Krabbameinsfélag
Árnessýslu



**BLEIKA
SLAUFAN**

**VELKOMIN
Í TEYMIÐ!**



Hella og Hvolsvöllur

Daglegar ræstingar / Daily cleaning

Við óskum eftir starfsfólk í fjölbreytt störf við ræstingar í hlutastörf á dagvinnutíma. Áhugasöm hafi samband með tölvupósti: marinb@dagar.is eða í síma 834 5930.

We seek employees for several part-time jobs in daily cleaning during the day, in Hella and Hvolsvöllur.

If you're interested, please contact us by email: marinb@dagar.is or call 834 5930.

Dagar hf. | Vikurheiði 11a, 801 Selfossi | dagar.is



Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafríðunarsjóði fyrir árið 2023

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafríðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listraent gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2022. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafn). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaum ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á www.husverndarstofa.is).



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Sími: 570 1300

www.minjastofnun.is

husafridunarsjodur@minjastofnun.is

Perlað með Krafti í Sunnulækjarskóla

Krafti er hægt að styðja við bak-
ið á ungu fólk sem greinst hefur
með krabbamein og aðstandendur
þeirra, leggur leið sína austur
fyrir fjall í næstu viku og ætlað
að perla með Selfyssingum og
nágrönnum í samstarfi við
Krabbameinsfélög Árnessýslu.

Perlað verður í Sunnulækjarskóla
á Selfossi þriðjudaginn 25.
október frá kl. 16:30 - 19:30.

Til stendur að perla nýtt
Lífið er núna armband sem fór
í sölu 16. maí og verður selt í
takmörkuð upplagi. Öll sem
vilja og geta eru hvött til þess
að mæta og leggja hönd á perlu.
Með því að mæta og perla með

„Þetta er skemmtileg stund
fyrir alla fjölskylduna og tilvalið
tækifæri að láta gott af sér leiða
og að sjálfssögðu verður heitt á
könnunni,“ segir Laila Sæunn
Pétursdóttir, ein úr Kraftsteyminu.

hgl



Vin í eyðimörkinni

Jóhanna Ýr
Jóhannsdóttir



oddviti Fram-
sóknar og forseti
bæjarstjórnar í
Hveragerði

gerði allt frá minni íbúðum í
einbýlishús og markmið ríkis-
stjórnar um að auka framboð og
jafna stöðuna á markaði höfð til
hliðsjónar.

Peir innviðir sem í uppyggingu
eru verða til þess fallnir að anna þeirri fylgjun íbúa sem
gert er ráð fyrir. Fram að því
verður verkefnið að takast á
við vaxtarverki. Meðal annars
með því að bjóða upp á for-
eldragreiðslur til að mæta þeirri
stöðu fái barn ekki vist á leik-
skóla 12 mánaða gamalt.

Pað er ákaflega ánægjulegt
að sjá og upplifa áhuga fólks á
því að búa í sveitarfélagini og
þar með velja sér Hveragerði til
búsetu. Meðalaldur íbúa hefur
farið lækkandi, fleira og fleira
fólk með ung börn sækir í
Hveragerði enda fjölskylduvann
bær og hafa bæjaryfirvöld skýr
markmið um að hlúa enn betur að
fjölskyldufólk. Við íbúar erum þakklát fyrir
þennan mikla áhuga og hlýju
sem Hveragerði er sýndur enda
bærinn umvafinn einstökum
náttúruperlum sem og fjölbreytileika tengdum heilsu-
og þjónustu þar sem frumkvöðlar fá sín notið. Kannski
er þetta einmitt umhverfið sem
dregur fram það allra besta
enda Hveragerði sannkölлуvin í hugum margra.

Fram undan eru áfram-
haldandi útboð á lóðum í eigu
sveitarfélagsins til að mæta
eftirspurn og þörf um hús-
næði. Einnig vinna einkaaðilar
að byggingu húsnaðis, fjöldi
íbúða verður byggður við Lind-
arbrún og þá eru áform um að
byggð verði fjölbreytt húsnæði
mun því verða í boði í Hvera-

Sýndu gestum sínum form vatns í nærumhverfi okkar

Shapes of Water er yfirheitið á Erasmus+ verkefni sem fimm alþjóðlegir skólar taka þátt í og staðið hefur yfir í rúm tvö ár. Nemendur frá Menntaskólanum að Laugarvatni hafa tekið þátt fyrir Íslands hönd og farið á vegum þessa verkefnis til Portúgals, Finnlands og Tékklands. Síðasti liður í þessu verkefni er að fara til Azoreyja í byrjun maí á næsta ári. Núna á haustdögum tókum við á móti gestum frá þessum löndum og sýndum þeim form vatns í nærumhverfi okkar. Dagskráin hjá okkur var frá 3.-7. október.

Gestirnir voru 25 talsins, þar af 16 nemendur og 9 kennarar. Þau komu að Laugarvatni 2. október og komu sér fyrir í Héraðsskólanum þar sem þau gisti á meðan á dvöl þeirra stóð og voru 3 kennarar og 4 nemendur frá ML þeim innan handar. Þau snæddu morgunmat með okkur í ML og þaðan fórum við í verkefni og ferðir. Vikuna sem þau voru hér var þéttsetin dagskrá enda mikið að sjá og skoða enda heilmargt sem Ísland hefur uppá að bjóða sem tengist vatni og öllum þeim formum sem það getur á sig tekið.

Fyrsta daginn vorum við á Laugarvatni. Við fengum leiðsögn um Sandárvirkjun við Eyvindartungu, suðum egg í hvernun við Laugarvatn og fórum á standbretti. Eftir það bauð Bláskógabyggð gestum okkar í sund þar sem þeir prófuðu heita potta en líka þann kalda. Að lokum grilluðum við ekta íslenskar pylsur með öllu. Gestirnir voru vakandi fram eftir í von um að sjá norðurljósin en þau létu ekki sjá sig þann



daginn.

Annan daginn fórum við í lítinn „Gullinn hring“. Við byrjuðum á að ganga upp að Brúarfossum, fórum þaðan í Friðheimi og fengum kynningu og dásamlega súpu. Eftir það fórum við í Gömlu laugina á Flúðum og svo að skoða Brúarhlöð, Gullfoss og Geysi. Að lokum fengum við kynningu á afurðum í Efsta-Dal sem vakti mikla lukku, það eina sem hefði fullkomnað daginn hefði verið að sjá norðurljósin sem gestirnir okkar þráðu svo innilega að sjá.

Þriðji dagurinn var annasamastur. Þá fórum við að Sólheimajökli, til Víkur og í Reynisfjöru. Á leiðinni heim skoðuðum við Skógarfoss, Seljalandsfoss og Gljúfrabúa. Þegar við komum heim bauð Fontana gestum okkar í rúgbrauðskynningu og bað. Veðrið var ljúft og flestir prófsuðu að dýfa sér í Laugarvatn og fara í gufu. Um kvöldið fengum við ekta íslenska kjötsúpu í kvöldmat. Fullkominn dagur en aldrrei sáum við norðurljósin.

Fjórða og síðasta daginn byrjuðum við í kynningu hjá

Brunavörnum Árnessýslu. Krakkarnir fengu að prófa að sprauta úr slöngum með mismunandi þrýstingi. Næst var farið á sýningu í Ljósafossstöð og svo fengum við að skoða Írafossvirkjun. Að því loknu fengum við kynningu á Þingvöllum og fræðslu um sögu, líf og vatn í þjóðgarðinum. Um kvöldið fengum við dýrindis priggja rétta kvöldverð a l'a Svenni kokkur. Margir höfðu aldrei smakkað lambakjöt og áttu ekki orð yfir hversu gómsætt það var. Rúsínan í pylsuerdanum var sú, að þegar við vorum búin að borda, kom íslenskur nemandi til okkar og sagði ósköp rólega að það væru norðurljós úti. Mannskapurinn gjörsamlega trylltist og hljóp út æpandi. Fólk grét, hló og hrópaði yfir norðurljósunum sem sáust í örfáar mínumútur.

Þetta var ævintýraleg ferð þar sem bæði heimamenn og gestir nutu alls hins besta sem Ísland og heimabyggð hafði upp á að bjóða. Við vorum líka mjög ánægðar með hópinn og til okkar komu krakkar og þökkuðu okkur fyrir bestu viku lífs þeirra. Þeim fannst Íslendingar svo vinalegir og alls staðar fengum við hlýtt viðmót.

Hjartans þakkir til allra sem gáfu góðar gjafir og til þeirra sem tóku á móti okkur, þið gerðuð ferðina ógleymanlega.

Við leyfum myndunum að tala sínu máli.

Ásrún Ester Magnúsdóttir
Heiða Gehring og
María Carmen Magnúsdóttir



Afgreiðslustarf í sérvíslun.

Óskum eftir að ráða til starfa liprann starfsmann við afgreiðslu í sérvíslun í Reykjavík

Umsækjendur vinsamlegast hafið samband með tölvupósti ok@non.is



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Laugardaginn 26. nóvember

Ætlar FEBSelfossi að skemmta sér hjá Leikfélagi Hvergerðis, þar sem við eignum 50 miða á ævintýra söngleikinn „Benedikt búálf“ sem er barnaleikrit fyrir fullorðna eftir Ólafur Gunnlaug Guðmundsson.

Mæting í rútu við Grænumörk kl. 13:00

Miðaverð og akstur kr. 3.500,-

Móttaka greiðslu verður í Grænumörk mánud. 14. Nón. milli 13 - 15

Við bendum á, að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru í Grænumörk 5 og hjá nefndinni.

Magnús J. Magnússon sími 893 2136
Jóna S. Sigurbjartsdóttir sími 892 8453
Sírrý Guðmundsdóttir í síma 863 7133



Varðveisluhúsi Byggðasafns Árnesinga opið gestum

Opið hús verður að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka þar sem Byggðasafn Árnesinga er með alla sína innri starfsemi sunnudaginn 23. október kl. 14-17. Starfsmenn safnsins verða með leiðsagnir og jafnframt verður gamall og heillandi skólastákpur kynntur sérstaklega í tilefni 170 ára afmælis Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Varðveisluhús safnsins var tekið í notkun haustið 2021 og þar eru varðveittir um 6.000 safnumur frá allri Árnessýslu og nær 7000 ljósmyndir. Byggingin er hólfuð niður í ólík varðveislurími til að búa til kjöraðstæður fyrir ólíska gripi. Eitt mikilvægasta verkefni safnsins er varðveisla. Allir safngripir hvort sem þeir eru á sýningu eða staðsettir í varðveisluhúsi geyma í sér minni samfélagsins um menningararfleð þess. Þannig er það stórt hlutverk safns að skrá og varðveita safngripi og bæði miðla í gegnum gagnagrunn og veita tryggt aðgengi að þeim. Aðstaðan á Búðarstíg er í alla staði

glæsileg og er óhætt að fullyrða að framtíð safnmuna Árnessýslu er vel tryggð.

Gaml skólastákpurinn – 170 ára afmæli Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

A opnu húsi viljum við beina sérstakri athygli að heillandi skólastákfullum af gómlum náttúrugripum. Peter Nielsen verslunarstjóri á Eyrarbakka gaf barnaskólanum í þorpinu náttúrugripasafn sitt árið 1924. Skólinn fékk Eirík Guðmundsson smið á Eyrarbakka til að

smiða stóran og mikinn skáp um safnið. Skápurinn hefur átt mörg líf en var falinn Byggðasafni Árnesinga til varðveislu árið 2017.

Peter Nielsen hafði sérstakt áhugamál sem voru náttúrufræðirannsóknir og söfnun náttúrugripa eins og fuglshami og útblásin egg. Aðstöðu til rannsókna sinna hafði hann í sérstakri byggingu norðan við Húsið á Eyrarbakka, Eggjaskúrinn svonefndi sem er hluti af sýningarsvæði safnsins í dag.

Starfsmenn safnsins bjóða öll kærlega velkomini.



Starfsfólk tekur vel á móti gestum sunnudaginn 23. október kl. 14 - 17.



Jólahlaðborð í sveitakyrrð

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jólavöldverður 9.500 kr.

TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU

15.500 kr. á mann í 2ja manna herbergi
19.000 kr. fyrir eins manns herbergi

Innifalið er jólavöldhlaðborð ásamt morgunverðarhláðborði.

25. og 26. nóvember
2. og 3. desember
9. og 10. desember

Nánari upplýsingar
og borðapantanir á
info@eldhestar.is



Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus • 480 4800 • info@eldhestar.is • www.eldhestar.is

Leikfélag Selfoss með leiklestur á Jöklaleikhúsini eftir Steinunni Sigurðardóttur

Sunnudaginn 23. október kl. 20:00 mun Leikfélag Selfoss flytja leiklestur upp úr skáldsögunni Jöklaleikhúsíð eftir Steinunni Sigurðardóttur í Litla leikhúsini við Sigtún. Tíu reynsluboltar úr leikféluginu hafa síðustu vikurnar unnið að því að leikgera og æfa skemmtilega kafla upp úr bókinni og munu túlka stóran hluta af þeim stórkemmtilegu karakterum sem koma fyrir í sögunni.

Jöklaleikhúsíð fjallar um áhugaleikfélag í þorpinu Papeyri sem tekur þá djörfu ákvörðun að setja upp Kirsüberjagarðinn eftir Anton Tsjekov með karlmenn í öllum hlutverkum. Þetta er gert að undirlagi hins stórtækra kvótagreifa, Vatnars Jökluls - sem hyggst reisa Jöklaleikhús uppundir jöklum, Kirsüberjagarðinum og Antoni Tsjekov til heiðurs. Í þrjú ár snýst lífið í þorpinu um leikhúsíð og uppsetninguna, og verður mörgum örlagavaldur.

Efni skáldsögunnar er Leikfélagi Selfoss að hluta til kunnuglegt þar sem það setti upp Kirsüberjagarðinn 2016 í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar og fékk mikið lof fyrir. Meiri hluti leikara í leiklestrinum sem nú standur fyrir dyrum lék í sýningunni 2016 og kemur því að Kirsüberjagarðinum á ný - en um leið úr annarri átt. Skáldaga Steinunnar hverfist að mestu um íbúa Papeyrar og skrautlegt

Jöklaleikhúsíð er ein af tólf skáldsögum Steinunnar og þykir vera sú þar sem kínmin svífur hæst yfir vötnum. Einnig hefur Steinunn gefið út fjölda ljóðabóka, smásögur og leikrit fyrir útvarp og sjónvarp en auk þess hefur hún þytt mikinn fjölda bóka. Fyrsta bók hennar var ljóðabókin Sífellur sem kom út 1969 og nýjasta bók hennar er einnig ljóðabók sem kom út síðastliði vor og heitir Tíminn á leiðinni.

Frítt er á leiklesturinn hjá Leikfélagi Selfoss, öll velkomini meðan húsrúm leyfir.



Jóhanna Margrét Hjartardóttir ráðin sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs

Bæjarstjórn Ölfuss hefur tekbið ákvörðun um að ganga til samninga við Jóhónnu Margréti Hjartardóttur um starf sviðsstjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs sveitarfélagsins. Jóhanna var valin úr hópi umsækjenda eftir ráðningaráfeli sem stýrt var af Hagvangi. Alls sóttu 7 einstaklingar um starfið en einn dró umsókn sína til baka.

Jóhanna hefur starfað sem menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðisbærar frá 2008. Áður starfaði hún sem umsjónarkennari og stigstjóri unglingastigs í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Jóhanna lauk fyröttakennaraprófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands og diplómanámi í stjórnun og forystu frá Háskólanum í Reykjavík.



Frá 2012 hefur Jóhanna gegnt leiðtogaþlutverki sem formaður stjórnar Körfukattleiksdeilda Þórs í Þorlákshöfn.

Jóhanna mun vætanlega hefja störf á næstu vikum og bætist þar með í þá öflugu liðsheimd sem hjá sveitarfélaginu starfar.

Börnin léku sér við systkinin og hestana


Út er komin bókin Gaddavír og gotterí sem segir frá lífi barna í sveit fyrir nokkrum áratugum. Leiksvæðið er sveitin, leikfélagnir systkinin og dýrin, útvarpið og sveitasíminn eru tengingin við umheiminn.

Höfundur bókarinnar, Lilja Magnúsdóttir, hefur búið á Kirkjubæjklaustri og verið þar sem starfsmaður á Kirkjubæjklaustri þar sem hún var meðal annars kynningarfulltrúi Skaftárhrepps. Lilja er íslenskum fræðingur með kennarapróf og meistarapróf í ritstjórn og útgáfu. Árið 2018 kom út spennusagan Svikarinn eftir Lilju. Sú bók var gefin út 2019 í hljóðbók og hefur verið mikið lesin á Storytel.

I bókinni eru tíu sögur sem segja frá lífinu í sveitinni þar sem þarf að marka, rýja og keyra á fjall, sækja kýrnar, tina ber, fara í réttirnar, reka féð heim og margt annað. Þegar fjölskyldan á frí er skroppið til ömmu og afra. Afi á tóbak sem er gaman að prófa og amma á hænur sem krakkarnir taka að sér að baða með misgóðum árangri. Flest sem krakkarnir taka sér fyrir hendur er skemmtilegt en það getur líka verið hættulegt. Efnið er bernskuminingar höfundur en nöfnum er breytt, persónur lagaðar til,

sumt er uppspuni frá rótum og annað dagsatt. Lilja ólst upp í Borgarfirði en sögurnar gætu hafa gerst hvar sem er í sveit á Íslandi þegar engir skjáir voru á heimilum, útvarpið var helsta afþreyningin og fjarskiptin fóru fram í gegnum sveitasímann.

Sögurnar eru myndskreyttar af tveimur listakonum. Sigriði Ævarsdóttur sem hestavinir þekkja sem Siggu, en hún myndskreytir bókina Tolum um hesta sem þau hjón Sigga og Benni gáfu út. Hestamyndir Siggu eru einstakar eins og forsiðumyndin sýnir. Hin listakona er Ólöf Rún Benedikts-



Stundum er sorglegt að búa í sveit þegar dýrin veikjast. Hvað verður um lítil folold? (Teikning ÖRB)



Lilja Magnúsdóttir las úr bókinni á Bókasþalli sem var haldið á Kjarr restaurant Kirkjubæjklaustri 2. október 2022. (Ljós. Hasse)

dóttir, dóttir höfundar, sem nam myndlist við Listaháskóla Íslands. Ólöf Rún hefur einnig lært tónsmíðar, söng og hljóðvinnslu og flutti framsamið lag og texta, við mjög góðar undirtektir gesta, á útgáfuhófinu sem var haldið 15. september í Bókasamlaginu Skipholti.

Lilja Magnúsdóttir gefur bókina út sjálf í samstarfi við Bókasamlagið. Bókina má kaupa hjá höfundi en hún er einnig komin í bókabúðir Pennans Eymundsson og fæst í vefverslun Bókasamlagsins.

Spennur að fá Skannað og skundað á Hvolsvöll

„Ég hlakka til að kynna Skannað og skundað fyrir viðskiptavinum okkar hér, já og að kynnast því sjálfur,“ segir Guðmundur Jónsson, verslunarstjóri Krónunnar á Hvolsvelli. Frá og með miðvikudeginum, 19. október, verður í boði að skanna vörurnar með símanum og greiða fyrir innkaupin í snjallverslunarappi Krónunnar.

„Ég bíð spennur eftir því að sjá hvernig heimamenn tak að pessari nýjung. Sjálfsafgreiðslukassarnir urðu jú atrið á þorrbólinu,“ segir hann og hlær.

Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, segir þau hjá Krónunni stolt af því að vera fyrst til að kynna þessa verslunarleið hér á landi og nú á Hvolsvelli. „Það er alveg ný upplifun að skanna vörurnar beint í pokann. Þetta er einföld og skemmtileg leið til að versla,“ segir hún og hvetur viðskiptavini til að prófa.

„Bæði tími og fyrirhöfn sparast með appinu. Það er sérlega hentugt þegar skjótast þarf í búðina en við sjáum marga nota það líka fyrir stóru innkaupin.“ Krónan stefni á að þróa þjónustuna enn frekar. „Við erum alltaf að leita leiða til að styðja fólk sem vill bæta lífsgæði sín, bæði við innkaupin og í vöruúrvali.“

Guðmundur hefur verið verslunarstjóri í Krónunni á Hvolsvelli frá sumrinu 2018. Hann var áður verslunarstjóri í Krónunni í Lindum Kópavogi og

tekið. Það er mjög gott að vera hérra.“ Hann lýsir fyrstu mánudunum á Hvolsvelli.

„Við hjónin spurðum okkur fyrsta hálfá árið: Hvað erum við búin að koma okkur í?“ Hann hafi þá ákvæðið að vinna markvisst að því að kynnast fólk. Þá hafi gömul tengsl hjálpað.

„Það vill svo skemmtilega til að langafi minn rak Jóá búð hér í gamla daga. Þau amma og að eru jarðsett undir Eyjafjöllun. Ég hitti því fjarskylda ættingja í hverju spori og þau uppgötvuðu mig: Ert þú ekki sonur Jóns? Ég er frænka þín,“ segir Guðmundur og hlær og er ekki á leið til baka í borgina.

„Það eru forréttindi að vera hérra með börnin. Ég mæli með svona ákvörðun fyrir barnafólk. Við erum með fjögur börn, tvö kríli og 9 og 11 ára og elskum að vera hér.“



Menningarganga í Árborg

Október er menningarmánuður í Árborg, stúfullur af spennandi viðburðum sem endurspeglar grósku og sköpunarkraft í örtr stækkandi sveitarfélagi. Laugardaginn 22. október verður boðið upp á MENNINGARGÖNGU Árborgar í allra fyrsta sinn. Þá ætlar lista-folk í Árborg að opna vinnustofur sínar og gallerí fyrir gestum og gangandi, leyfa fólk að líta við og skoða afrakstur sköpunar sinnar. Einnig verða ýmis menningaráhús opin þar sem upplifa má fjölbreytt listform svo sem málalist, leirlist, tónlist, ritlist, prjónalist, fatahönnun, vefnað, ljósmyndun og útskurd.

Að baki MENNINGARGÖNGUNNAR standa þær Auður I. Ottesen (eigandi Sumarhússins og garðsins), Alda Rose Cartwright (eigandi Brimrótar CO-UP á Stokkseyri) Heiðrún D. Eyvindardóttir (forstöðumaður Bókasafns Árborgar) og Sigrún Þuríður Runólfssdóttir (eigandi Skrúfunnar á Eyrarbakka).

Með framtakinu vilja þær sameina krafta þeirra frábæru listamanna sem búa í Árborg og leyfa sem flestum að upplifa þá margbættu sköpun sem þar fer fram. Þær stofnuðu fésbókarsíðuna Menningarvitar í Árborg sem vettvang fyrir listamenn og áhugafólk um listir og menningu til að miðla og

njóta gróskumikils menningarlifs í sveitarféluginu. Þær hvetja alla áhugasama um að fylgja síðunni.

Nú um helgina er tæki-færni til að virða fyrir sér list, mögnumálverk og listilega mótað keramik, skoða aðventuskreytingar, hlýða á sögur og ljóð, skoða vefnað úr þara, læra að gera eigin olíuliti, hlusta á fallega tóna, njóta skartgripalistar, ljósmynda og prjónalistar, sjá handgerða útskorna fugla úr tré, upplifa hringlagu ullarlistaverk og vegan súkkulaðitræflur, finna ilminn af handgerðum náttúrusápum og hlusta á magnaða tónlistarkonu spila á sekkjarpípu. Viðburðir MENNINGARGÖNGUNNAR eru ótal margir og afar fjölbreyttir en um það bil 40 listamenn taka þátt á 22 stöðum. Aðgangur er ókeypis og því er ekkert til fyrirstöðu að bregða undir sig betri fætinum og gera sér dagamun í fallegu Árborg.

Frekari upplýsingar veita:
Auður I. Ottesen, audur@rit.is, s 824 0056
Sigrún P. Runólfssdóttir skrufan@skrufan.is, s 849 9315
Alda Rose Cartwright aldarosec@gmail.com, s 892 4410
Heiðrún D. Eyvindadóttir heidrun@arborg.is, s 865 7011



Mynd: Páll Jökull.

Framleiðslu- og sölufyrirtæki til sölu

Framleiðslu- og sölufyrirtæki staðsett í Reykjavík er til sölu hentar vel til flutnings út á land. Sérlega vönduð framleiðsla upplýsingar í síma 897 3047

Ný störf auglýst í hverri viku!

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

www.dfs.is/
atvinna/

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fós. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
er opin á fimmtudögum kl. 13.

OPIÐ HÚS
fim. 20. okt. kl. 14:45.
Kaffi og meðlæti.

Gestir eru Fjóla Kristinsdóttir bæjarstjóri og Bragi Bjarnason, forseti bæjarstjórnar

HÖRPUKÓRINN
Miðvikudagar kl. 16:00.

POSTULÍN / KERAMIK
Föstudaga kl. 13:00.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELF OSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNA BÓKHALL
Bókhald • Framtíð • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöfflukaffi
Vöfflukaffi laugardaginn 22. okt. milli kl. 11 og 12 á Eyravegi 15. Hlökkum til að sjá ykkur.

BÍLAR

SKÁLINN
Yfirbyggjaringar - Réttigar
Bílamálun - Rúðuskipti

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrismýri 3, Selfossi

Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Þorlákskirkja
Sunnudagurinn 23. október. Guðspjónusta kl. 11:00 Sr. Sigriður Munda Jónsdóttir þjónar og Kór Þorláks- og Hjallakirkju leiðir safnaðarsöng undir stjórn Esterar Olafsdóttur, organista.

Skálholtskirkja
Messa í Skálholtskirkju kl. 11 sunnudaginn 23. október.

Hveragerðiskirkja
Fjölskylduguðspjónusta kl. 11. Barnakór Hveragerðiskirkju syngur undir stjórn Unnar Birnu Björnsdóttur. Sr. Ninna Sif leiðir stundina, Kirkjukórrinn leiðir safnaðarsöng.

Kotstrandarkirkja
Guðspjónusta kl. 14. Sr. Ninna Sif Svavarssdóttir þjónar. Kirkjukórr Hveragerðis- og Kotstrandarkirkja syngur, organisti Miklós Dalmay.

Stóra-Núþóskirkja
Guðspjónusta sunnudaginn 23. október kl. 11. Félagar úr kirkjukórum leiða sönginn undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur. Börn úr Kirkjuskólanum sérstaklega boðin velkomin til guðspjónustunnar.

Hrepphlakirkja
Kindamessa sunnudagskvöldi 23. október kl. 20. Félagar úr kirkjukórum syngja hugljúf lög og sálma undir stjórn Stefáns Þorleifssonar organista. Kindasörgur úr samtímanum og úr Bíblunni.

Selfosskirkja
Sunnudagaskóli í Selfosskirkju kl. 11. Söngur gleði og gaman fyrir börn og foreldra. Verið velkomin.

Kvöldmessu verður í Selfosskirkju 23. október kl. 20. Fram koma Eyjólfur Eyjólfsson tenórsöngvari og Luke Starkey lítuleikari og flytja þeir enska gullaldarsöngva. Kirkjukór Sel-foss syngur undir stjórn Edit Molnár. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari.

Kálfholtskirkja
Guðspjónusta í Kálfholtskirkju á sunnudaginn 23. okt. kl. 14:00. Kórinn syngur við undirleik Eyrúnar organista og fermingabörnin og fjölskyldur þeirra boðin sérstaklega velkomin.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 22. október. Bibliúlexíur kl. 11 og guðspjónusta kl 12, ræðu hefur Elías Theódórsson.

Sunnudaginn 23. október verður aðalfundur safnaðarins í safnaðarheimilinu kl. 17, venjuleg aðalfundarstörf. Safnaðastjórnin.

Aðalsafnaðarfundur Eyrarbakkasóknar 2022

Aðalsafnaðarfundur Eyrarbakkasóknar verður haldinn miðvikudaginn 26. október kl. 20 í Eyrarbakkakirkju. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Allir eru hjartanlega velkomrir. Sóknarnefnd Eyrarbakkakirkju



Stjórn starfsársins Birgir S. Birgisson formaður, Daði V. Ingimundarson ritari og Hrafn H. Sigurðsson gjaldkeri. Mynd: Vilmundur Kristjánsson.

Nog um að vera hjá Lionsklúbbi Hveragerðis

tónleika í Hveragerðiskirkju í aðdraganda pásku.

Stjórn starfsársins 2022-2023 skipa Birgir S. Birgisson formaður, Daði V. Ingimundarson ritari og Hrafn H. Sigurðsson gjaldkeri.

Með Lkl. Hveragerðis fundar einnig Lkl. Þorlákshafnar. Áugasömum um starf klúbbanna er bent á að hafa sam-band við Birgi formann í síma 893-4190 eða með því að senda tölvupóst á ficus@simnet.is

Frábær þjónusta á síðasta sprettinum

Hastferð eldri borgara frá Árbliki og Vinaminni var farin 6. október 2022. Ingibjörg Kristjánsdóttir, gjarnan kölluð Didda í Grænumörk settist niður með blaðamanni Dagskráinnar og sagdi frá. „Það var ekið upp Grímsnes upp að Skálholti. Par voru veittar heimaveitingar, allir kátil og sáttir við það. Veðurguðinn lék við okkur allan daginn og aðstoðarstúlkurnar sem voru til halds og trausts allar sem ein, skipti ekki máli hvort þær innu á Árbliki eða Vinaminni, sem er aðdáunarvert að sjá og njóta. Ég held að vart sé hægt að finna vinnustæði sem önnur eins samheldni er og á þessum tveim stöðum fyrir aldráða. Hvort sem fólkid er orðið lélegt eða fótfráir sem sumir eru, hlauta upp og niður stiga margir komnir á 10. áratuginn. Ég túlka það mikil

vagna þess að við fáum góða þjónustu á öllum þörfum okkar. Frá Skálholti var farið að Hótel Geysi sem er glæsilegt, góð þjónusta og góður matur. Þaðan fórum við um Hrunamanna-Skeiða og Flóahrepp beinustu leið, komum heim alsel. Mikið erum við þakkat sem fáum að njóta þessarar þjónustu á síðasta sprettinum í þessari til-veru,“ segir Didda og hlær. „Ég vona að flestir fái að njóta þessarar þjónustu sem vilja og þurfa. Munum að maður er manns gaman, það er að finna á þessum slóðum sem þjónustan er veitt. Ég þakka mína heilsu ekki síst fyrir að hafa fengið vist í Árbliki sem er sælustaður. Kunnum að þiggja og þakka, þá er gaman að vera til,“ segir Didda í Grænumörk að endingu.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?**

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

Lærum allt lífið

Við erum alltaf að læra eitt-hvað nýtt, en þarfum ekki endilega að fara í sérstakt nám til þess. Börnin okkar eru að kenna okkur nýja hluti, einnig vinnufélagar, vinir og fólkid í nærum-hverfi okkar. Við hjá Fræðslunetinu, símenntun Á Suðurlandi, eru þáttakendur í þessu lerdómsferli og bjóðum upp á nám fyrir fólk sem vill mennta sig.

Eitt af því sem við bjóðum uppá er nám fyrir fullorðið fatlað fólk, en þar er bæði um bókleg og verkleg námskeið að ræða. Á námskeiðunum er lögð áhersla á að ýta undir sjálftstæð

vinnubrögð, sköpunargleði, virkja ímyndunarafl og tengja efni þeirra við áhugasviði þáttakenda. Námskeiðin sem eru hvað vinslуст eru matriðsla, myndlist, textíll, ipad og tjánning en einnig eru námskeið eins og íslensk eldfjöll og yoga að koma sterk inn.

Má segja að þessi hópur sé með þeim duglegri að sækja sér endurmenntun enda hafa margir einstaklingar stundað nám hjá Fræðslunetinu í fjölda mörg ár. Helga Alfreðsdóttir, sem sjá má á myndinni, er ein þeirra og gaman frá því að segja að Helga

varð átræð í fyrra. Hún ásamt öðrum heldur ótraud áfram að koma á námskeið en við bjóðum allt fullorðið fólk velkomið til okkar. Í nóvember verður opnað fyrir umsóknir, í námskeið fyrir fatlað fólk, fyrir vorönn 2023. Úrval námskeiða sem eru í boði má sjá á heimasíðu Fræðslunetsins (frædslunet.is) en þar verður einnig hægt að sækja um að komast á námskeiðin.



Hin pólitíska hlið menntamála

Pað er mikilvægt að efla tengsl ráðuneytis og menntastofnana. Heimsóknir ráðherra eru einn liður í því. Þær auka skilning á því fjölbætta starfi sem fram í skólum landsins. Ráðherra barna- og menntamála Ásmundur Einar Daðason heimsótti FSu ásamt aðstoðarfólk og þingmanni mánudaginn 3. október. Heimsóknin hófst klukkan 11 og tilefni hennar var að kynna sér fjölbreytta starfsemi skólans og ekki síst hinn nýja samruna FSu og Garðyrkjuskólangs að Reykjunum í Ölfusi.

Undir leiðsögn stjórnenda FSu, Olgu Lísu Garðarsdóttur og Sigursveins Sigurðssonar

voru gestirnir leiddir um skólabyggingarnar þrjár: Odda, Iðu og Hamar auk þess sem hádegisverður var snæddur í mótuneyti skólans á meðal nemenda og starfsmanna. Í lok dvalarinnar í húsnæði Odda var haldinn stuttur samræðufundur með kennurum á kaffistofu starfsmanna sem dregur nafn sitt af Bollastöðum í Hraungerðishreppi. Ferðin að Reykjunum í Ölfusi burfti að bíða betri tíma vegna anna ráðherra.

Því má hnýta við þessa fínu heimsókn að aðrir tveir stjórmálamenn tóku hús á FSu morguninn eftir og héldu stuttan fund með stjórnendum. Það voru þingmenn pírata Björn Leví Gunnarsson og Andrés Ingi Jónsson en Andrés stundaði einmitt nám við FSu til stúdentsprófs fyrir mörgum árum síðan. JÖZ



arsson og Andrés Ingi Jónsson en Andrés stundaði einmitt nám við FSu til stúdentsprófs fyrir mörgum árum síðan. JÖZ

prentmet 
heildarlausnir í prentun

482 1944 selfoss@prentmetoddi.is - www.prentmetoddi.is

**LISTASAFN
ÁRNEsinga**



Stop Motion smiðja - Stafræn hreyfimyndagerð.
Laugardaginn 22. október frá 13:00.



Fransk/sænska listakonan og kennarinn Thomasine Giesecke leiðir Stop motion smiðjuna. Smiðjan snýst um að búa til kyrr myndir á fjölbreyttan máta sem er svo raðað upp til að úr því verði hreyfimynd. Thomasine vinnur við stærstu söfn Parísaborgar sem fræðslu sérfræðingur, meðal annars við Musée d'Orsay, Le Louvre og Orangerie museum. Smiðjan er ókeypis en það er takmarkað pláss þannig að skráning er nauðsynleg:

fraedsla@listasafnarnesinga.is

Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunarheimilið Kirkjuhvoll á Hvolsvelli óskar eftir að ráða hjúkrunarforstjóra heimilisins. Um framtíðarstarf er að ræða.

■ Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og mannaðsmálum Kirkjuhvolls
- Fagleg forysta og ábyrgð á hjúkrunarþjónustu heimilisins
- Umsjón með stefnumótun, framfylgd stefnu og markmiðasetningu
- Umsjón með áætlanagerð og gæðamálum
- Samskipti við hagsmunaaðila heimilisins
- Umsjón með kennslu, fræðslu og starfsþjálfun starfsfólks

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði hjúkrunarfræði og réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri á sviði öldrunarmála er æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að skapa góða liðsheild
- Leiðtogaþæfni, metnaður, framsýni og lausnarmiðað hugarfar
- Frumkvæði, skipulagshæfni og jákvæðni
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti



Hjúkrunarheimilið Kirkjuhvoll er vel rekið og glæsilegt hjúkrunar- og dvalarheimili í eigu Rangárþings eystra, staðsett á Hvolsvelli. Þar eru 29 hjúkrunarrými, tvö hvíldarrými, eitt dvalarrými og tvö dagdvalarrými. Ný og vel búin hjúkrunarálma var tekin í notkun árið 2018. Í henni eru 12 herbergi, stór matsalur og góð aðstaða fyrir starfsmenn. Nánari upplýsingar má finna á www.hvolsvollur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2022. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Rífandi fjör á hrútasýningu Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna

Fjölmenni sótti vel heppnaða hrútasýningu sem Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna hélt laugardaginn 15. október sl. í Reiðhöllinni á Flúðum. Ekki var aðeins margt um manninn heldur var líka mikil af fallegu fé. Alls komu kindur frá tólf bæjum í sveitinni og gat þar að líta lambhrúta af ýmsum litum og gerðum og lambgimbrar sömuleiðis og margar mjög lit-skruðugar. Einnig mátti sjá forystufé. Það kom einmitt í hlut forystugimbrarinnar Geðprýði að útnefna sigurvegara í rollubingóinu en þar var afgirtu hólfí skipt í 36 reiti og viðstaddir biðu í ofvæni eftir því að Geðprýði gerði stykkini sín í réttu reitina!

Dómarar og helstu úrslit

Sérlegir dómarar hrútasýningarinnar voru sem fyrr Sigurfinnur Bjarkarsson frá Tóftum og Jökull Helgason á Ósabakka. Þeir sýndu mikla færni í störfum sínum og útskýrðu dómana fyrir viðstöddum. Keppt var í hinum ýmsu flokkum. Í flokki mislitra lambhrúta varð efstur grár hrútur (undan Bekrasyni) frá Skipholti 3, í öðru sæti varð Hnokkasonur frá Þversprymu og



Sú skrautlegasta var forystugimbrin Geðprýði sem einnig stýrði rollubingóinu.



Árni Þór Hilmarsson, formaður Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna, stýrði samkomunni. Hann er hér á spjalli við eigendur efstu hrútanna í floknum „hvítir lambhrútar“. Einnig má sjá efnilegan puklara að störfum.

Í því þriðja varð mórauður hrútur frá Hruna undan Gretti. Í hópi veturgamalla hrúta varð í fyrsta sæti hrútur frá Langholtskoti undan Heimakletti, í öðru sæti hrútur undan heimahrúti í Hruna og í því þriðja Heimaklettusonur frá Þversprymu. Í fyrsta sæti í floknum „best gerða gimbrin“ varð gimbur frá Hrepphólum sem er undan Amorssyni, í öðru sæti gimbur frá Hruna undan Viðari sæðingarstöðvarhrúti og í því þriðja gimbur frá Grafarbakka undan heimahrúti. Um fjörtíu hrútar komu til álita í flokki hvítra lambhrúta en þar varð efstur, eftir mikil pukl og vangaveltur hjá dómurum, hrútur frá Hruna sem er undan heimahrúti, í öðru sæti varð kollóttur hrútur frá Magnúsi og Alinu á Kópsvatni sem er aettádur frá Broddanesi á Ströndum og í því þriðja hrútur frá Haukholtum undan Viðari.

pukl, skrautlegasta gimbrin og „íhaldsmáðurinn“

Þá var gestum hrútasýningarinnar boðið að þukla fjóra lambhrúta og raða þeim upp eftir

prentmet
heildarlausnir í prentum
Eyravegi 25, 800 Selfoss
Sími 482 1944
www.prentmetoddi.is
honnun.prentmetoddi.is


Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is

HEYRN
HEYRNARPJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

TAXI SELFOSSI
482-3800

FROST
KÆLKERFI - FRÝSTKERFI
HÖNNUN - SALA - PJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS


BRAGT AF
VINATTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar rafagnir


ÁRBORG TAXI
482 1333
arbortaxi@gmail.com


ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is


Hjólfarðaþjónusta
Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólfarðar
Betri vörur - betra verð

Réttинг og málun
Vottað réttingaverkstæði Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
 480 8020

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismíði Innréttningar Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi Sími 482 1980


Bílaþrautun - Bílaréttigar Bílruðuskipti

Par sem fagmennirnar vína
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Pjónustusími


Útfarabjónusta
Gísli G. Guðmundsson
Svanhildur Eiríksdóttir
Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is